



//Á döfinni//

...: Jólaprófin ...:

Jólapróf hefst þriðjudaginn **10. desember** og þeim lýkur mánudaginn **16. desember**. Að jafnaði er eitt próf á dag. Kennt er samkvæmt stundaskrá þessa daga.

...: Föndurdagur ...:

Föndurdagurinn verður þriðjudaginn **17. desember**. Þá föndrum við og skerum út laufabrauð. Gott er að nemendur taki með sér kerti til að skreyta, laufabrauðshníf og ílát undir laufabrauðið.



Við bjóðum foreldra og forráðamenn barna í 1. - 4. bekk velkomna í skólann þennan dag til að taka þátt í föndrinu með börnum sínum.

Best er að koma á milli kl. 09:10-11:10. Gaman væri ef allir tækju með sér jólasveinahúfu.



...: Jólarí ...:

Miðvikudaginn **18. desember** er jólarí. Þann dag eru lokaæfingar fyrir litlu jólin. Síðustu forvöð að setja jólakortin í póstkassa skólans.

...: Generalprufa ...:


Fimmtudaginn **19. desember** verður jólahlaðborð og generalprufa fyrir litlu jólin.



// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Dagur íslenskrar tungu ...:

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur þann 16. nóvember. Í tilefni af því voru ýmsar upptakur hér í Laugalandsskóla föstudaginn 15. nóvember. Nemendur í 1. bekk sýndu atriði í hádegishléinu þar sem þau sungu og táknuðu Krummi svaf í klettagjá eftir Jón Thoroddsen. Einnig færðu þau Samúel Erni afmælisgjöf, en hann varð 60 ára í vikunni sem leið. Nemendur í 4. og 5. bekk kíktu svo í heimsókn í nokkra bekki, fræddu samnemendur sína um Jónas Hallgrímsson og lásu ljóðið Ísland, farsælda frón. Nemendur frá 2. og upp í 6. bekk hafa unnið að því undanfarið að semja vísuþotna.



...: Saga jarðarinnar ...:

Í haust hefur 2. og 3. bekkur lært um sögu jarðarinnar í samfélagsfræði. Í tímum förum við í ímyndaða tímafél og gerumst tímaferðalangar og ferðumst aftur í tímann. Glugginn á tímafélinni er heimildamyndir frá National Geographic. Á þessu tímaferðalagi gátu nemendur tekið ljósmyndir og úr þessum ljósmyndum bjuggu þau svo til glærusýningu sem þau hafa flutt fyrir nemendur í öðrum bekkjum. Verkefnið þótti þeim afar skemmtilegt en fyrir neðan eru myndir úr kynningunum.



...: Bókasafnið á Laugalandi ...:



Nú er aðventan gengin í garð og fullt af spennandi jólabókum komnar á safnið. Vinsamlegast greiðið árgjaldið sem er 1500 kr. á hvert heimili í Ásahreppi og gömlu Holta- og Landsveit inn á reikning **0308-26-1750 kt.621215-1750**. Athugið að setja í skýringar árgjaldbókasafns þegar greitt er í heimabanka. Verið velkomin á bókasafnið.



...: Litlu jólin ...:

Föstudaginn 20. desember

höldum við okkar hefðbundnu litlu jól frá kl. 09:30-12:10. Þá bjóðum við öllum að koma og sjá leikrit, söngva og annað sem við höfum æft og gleðjast saman. Að venju aka skólabílar nemendum til og frá skóla.



KL. 09:30-10:10 verða nemendur í stofum sínum með umsjónarkennurum og skiptast á jólakortum og undirbúa sýningu.

Kl. 10:10 mæta foreldrar og aðstandendur því þá hefst jóla- og skemmtidagskrá.

Frá kl. 11:20-11:55

verður dansað í kringum jólatréð.



Kl. 12:00—12:10 Einkunnir afhentar í stofum og jólaleyfi hefst.




...:Skólabyrjun:...:

Skólahald hefst aftur að loknu jólaleyfi þann 3. janúar 2020 samkvæmt stundaskrá kl. 08:30.

...:Leikhús:...:

Á næsta ári eru fyrirhugaðar leikhúsferðir eins og hefðin er. Þann 9.maí verður farið á Kardemommubæinn og verið er að finna aðra sýningu fyrir eldri nemendur.



...: Leikskólanemendur í dagskóla ...:



Tvo fimmtudaga í mánuði kemur elsti árgangurinn í leikskólanum í svokallaða dagskólaheimsókn í 40 mínútur í senn. Í dagskólaheimsóknunum þá fá leikskólanemendur tækifæri til að kynnst skólastarfinu og tilvonandi skólasystkinum frekar í leik og starfi. Það er ýmislegt brallað í þessum heimsóknunum og boðið upp á margt, s.s. að fara í Playmo og bíló, lita og perla. Það er alltaf mikil eftirvænting yfir þessum heimsóknunum og allir skemmta sér konunglega.



...: Rugludagur ...:

Föstudaginn 22.nóvember var haldinn rugludagur í Laugalandsskóla. Þá var allt í rugli. Nemendur máttu mæta klæddir eins og þeir vildu og var virkilega gaman að sjá fjölbreytnina í hópnum. Sumir voru í fötunum öfugum, aðrir mættu í fötum sem þeir myndu alla jafna ekki mæta í. Þá voru einhverjir í búningum eða náttfötum. Kennarar og starfsfólk létu ekki sitt eftir liggja og mættu í „rugluðum“ fötum. Til þess að gera daginn enn fjölbreyttari mættu kennararnir í allt aðrar kennslustundir en þeir voru skráðir í og kenndu eitthvað allt annað en stundataflan sagði til um. Einnig var allt í rugli í eldhúsinu og var grjónagrauturinn grænn. Allt var þetta til gamans gert og til þess brjóta upp hefðbundið skólastarf.

